

TILKYNNING

Verðlaun Maximilians keisara fyrir störf í þágu Evrópu á landsbyggð og í sveitarfélögum 2026

Verðlaunin eru nú veitt í viðurkenningarskyni fyrir framúrskarandi verkefni einstaklinga, stofnana eða samtaka, sem hafa evrópskt gildi, fyrir landsbyggð og sveitarfélög. Umsækjendur verða að vera áreiðanlegir og til þess bærir að hrinda verkefninu í framkvæmd og ljúka því.

Sérstakur gaumur er gefinn verkefnum sem snúa með tilteknum hætti að Evrópuskilningi, samvexti Evrópu og friðsamlegri sambúð og samheldni í Evrópu. Það verður að tilgreina hvernig verkefnið tengist sveitarfélögum og landsbyggð. Það verður að vera hægt að draga góðar starfsvenjur af innsendum verkefnum og nota þær sem *best practices* hjá öðrum sveitarfélögum og héruðum.

Mikill sýnileiki meðal almennings á að styrkja Evrópuhugsunina meðal borgara. Verkefnið má hvorki vera í hagnaðarskyni, snúast um annars konar ábata né fara gegn lagaákvæðum eða almennum evrópskum lagareglum.

Innsend verkefni ættu að bjóða upp á nýstárlega sýn, nýja nálgun eða skipulag og innihalda mat á áhrifum eða þróun markmiða verkefnisins eða ráðgerðri útkomu. Það sem hér ræður úrslitum eru hinar fjölbreyttu hliðar Evrópusamrunans. Þær viðmiðanir sem mestu skipta eru áhrif verkefnisins, sjálfbærni þess og frumleiki auk áherslu á að fá aðra markhópa til að láta sig Evrópu varða.

Verðlaun Maximilians keisara eru veitt á tveggja ára fresti. Verðlaunin samanstanda af viðurkenningu, verðlaunapeningi (minnispeningur frá 1509, Maximilian I keisari) og verðlaunafé að upphæð 10.000 evrur. Verðlaunafénu skal ráðstafað í þágu verkefnisins. Verðlaunin eru veitt einstaklingi, stofnun eða samtökum fyrir störf í Evrópuþágu á landsbyggð og í sveitarfélögum.

Aðeins er hægt að senda inn verkefni á netinu á umsóknarsíðu vefsíðunnar www.kaisermaximilianpreis.at. Senda skal verkefnið inn á ensku.